

Tónlistardeild

Hljóðfæranám B.Mus.

„Fiðlað“ á Skotlandi

***Saga fiðluhefðar á meginlandi Skotlands og
Hjaltlandseyjum***

Ritgerð til BA-prófs í klassísku hljóðfæranámi

Agnes Eyja Gunnarsdóttir

Vorönn 2019

Tónlistardeild

Hljóðfæranám – B.Mus.

„Fiðlað“ á Skotlandi

***Saga fiðluhefðar á meginlandi Skotlands og
Hjaltlandseyjum***

Ritgerð til BA-prófs í klassísku hljóðfæranámi

Agnes Eyja Gunnarsdóttir

Kt.: 230993-2039

Leiðbeinandi: Wilma Young

Vorönn 2019

Útdráttur

Skosk þjóðlagatónlist er full af lífskrafti og gleði og fylgir danshefðum Skotanna taktfast. Í þessari lokaritgerð verður hlutverk fiðlarans (e. fiddler) í skoskri þjóðlagatónlist sérstaklega skoðað. En gríðarlegt magn af skoskri tónlist var samið og flutt á fiðlu allt frá 12. öld. Þá voru hljóðfærin að sjálfsögðu frumstæðari og fiðlan ekki eins og við þekkjum hana í dag. Uppruni fiðlunnar verður rakinn í grófu máli sem og tæknin sem fiðlarar notuðu. Notuðu þeir einhverja tækni yfir höfuð?

Skoska fiðlutónlist má flokka niður eftir landsvæðum og gert verður grein fyrir þeirri flokkun. Áhugavert er að skoða einkenni hvers stíls fyrir sig, sögu hans og vinsælustu dansa. Til eru margir þekktir skoskir fiðlarar sem flestir eru þó látnir í dag. Gert verður grein fyrir þeim allra þekktustu. Margir þeirra voru einnig tónskáld og skildu eftir sig fjöldan allan af þjóðlögum til að flytja á fiðlu. Helstu dansar Skotlands verða einnig nefndir.

Hjaltlandseyjar eru með sérstæðasta fiðlustílinn en þar spilaði tíundi hver maður á fiðlu um 1900. Fiðlan fléttast mikið inn í félagslíf eyjaklasans og annað eins samfélag heyrir maður ekki um á hverjum degi. Margar hefðanna lifa enn í dag.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. Þjóðleg fiðlutónlist á Skotlandi.....	6
Stíll Norðaustursins	7
Landamærin	7
Vesturströndin og Hálöndin.....	8
Cape Breton.....	9
Hjaltlandseyjar	10
2. Fiðlan í Skotlandi frá 12.öld fram á 18.öld.	12
„Forfeðurnir“	12
Fiðlan á 18.öld	13
3. Nánar um fiðluhefð Hjaltlandseyja.....	15
Fiðlan í tengslum við félagslíf.....	15
Aðeins um utanaðkomandi áhrif	16
Scordatura	16
Lokaorð	19
Heimildaskrá.....	21

Inngangur

Á Skotlandi lifir rík hefð fyrir þjóðlögum sem eru bæði sungin og spiluð. Helsta einkenni þessarar tónlistar er tenging hennar við dansinn, en dansað er við nær öll lögin. Vægi fiðlunnar er gríðarlegt og gleðin sem ríkir þegar hljóðfæraleikarar og dansarar koma saman að skemmta sér er mikil. Þessi tónlist er hjartnæm, full af karakter og snýst ekki um að sýna hversu fær hljóðfæraleikari eða dansari þú ert. Til eru dansar við öll þau þjóðlög sem tengja má við Skotland en það var vegna dansins sem eftirspurn eftir hljóðfæratónlist jókst. Skotar ferðuðust á hestbaki yfir til Evrópu, sóttu þar danskennslu í Frakklandi og komu jafnvel við í Þýskalandi til þess að næla sér í hljóðfæri, og þá einna helst fiðlur.

Fiðlan skipar stóran sess í skoskri þjóðlagatónlist og forvitnilegt er að rýna í sögu hennar og fjölbreytta spilastíla. Edinborg var miðpunktur lista í Skotlandi á 17. og 18.öld og ól af sér marga bestu tónlistarmenn landsins. Nóg auðæfi voru í borginni til þess að stuðla að tónlistarflutningi og varðveitingu nýsaminnar tónlistar. Í þessari ritgerð verður leitað svara við nokkrum spurningum sem snúa að uppruna fiðlunnar sem notuð var í Skotlandi frá árinu 1100 til dagsins í dag. Mismunandi fiðlustílum eftir landsvæðum verður lýst. Hvað eiga þeir sameiginlegt og hvað ekki? Sögulegir atburðir sem höfðu varanleg áhrif á þróun fiðlutónlistarinnar verða teknir fyrir, en þeir áttu sér flestir stað í Hálöndum Skotlands og voru ástæða fólksflutninga yfir haf til Kanada. Hvernig voru fyrstu hljóðfærin sem líktust á einhvern hátt fiðlunni sem við þekkjum í dag, og hvaðan bárust þau til Skotlands? Er munur á þeirri fiðlu sem notuð er í dag til að spila skoska fiðlutónlist og þeirri sem er notuð til að flytja klassíska eða rómantíska tónlist? Hvernig var fiðlutækni á 17. og 18.öld þegar þjóðlagatónlistin var að þróast mikið?

Hjaltlandseyjar eru eyjaklasi í norðri sem tilheyra Skotlandi. Fiðlustíllinn sem þróaðist þar er frábrugðinn stílnum sem finnast á meginlandi Skotlands. Því verður lögð örlítið meiri áhersla á hann í ritgerðinni. Hvernig fléttast fiðluleikur Hjaltlandseyja við félagslífið? Fiðlarar á Skotlandi voru fyrr á tíðum undir mikillu pressu þegar þeir þurftu að spila fyrir fullan sal af dansandi fólki. Hvaða leiðir voru notaðar til þess að auðvelda fiðlurum að spila undirspil langt fram á nótt?

1. Þjóðleg fiðlutónlist á Skotlandi

Maðurinn hefur alla tíð haft gaman af því að syngja og dansa. Uppspretta þjóðlagatónlistar á Skotlandi er einmitt sú iðja, söngur og dans. Fiðlan er mikið notuð í skoskri tónlist, bæði sem partur af hljómsveit eða ein og sér. Tónlistin er einföld en orkumikil og hefur gríðarlega mikinn karakter sé hún spiluð af leikni. Nóturnar eru einfaldar að sjá á blaði, enda eru þær aðeins beinagrind lagsins ef svo má að orði komast. Mismunandi spilataekni, hraði, skraut og trillur gæða tónlistina lífi og draga fólk út á dansgólfið.

Edinborg hefur ævinlega verið suðupunktur listgreina, bókmennta og tónlistar í Skotlandi. Þangað sótti menntafólk af öllum toga, þar með taldir fiðlarar (e. fiddlers) og tónskáld sem sömdu skoska fiðlutónlist (e. Scots fiddle music). Tónlistin átti sér hins vegar nánast öll uppsprettu annars staðar á Skotlandi, en í Edinborg blómstraði hún og varðveittist. Þar voru tækifæri sem ekki fengust úti á landsbyggðinni, eins og að flytja tónlist opinberlega og jafnvel gefa hana út.¹ Þrátt fyrir gróskuna í Edinborg lifði þjóðlagatónlistin í hverju horni landsins og einkenndist af hverju svæði fyrir sig. Skoskri fiðlutónlist má skipta niður í fimm helstu stíla eftir landsvæðum; Vesturstrandar- og Hálandastíl (West Coast and Highland style), Hjaltlandseyjastíl (Shetland style), Norðausturstíl (North East style), Landamærastíl (Borders style) og Cape-Bretonstíl (Cape Breton style). Sá síðastnefndi tilheyrir að vísu landsvæði í Kanada og því nokkuð umdeilt að hann sé talinn upp með hinum fjórum stílunum. En margir þeirra sem skrifað hafa um skoska tónlist virðast telja mikilvægt að nefna hann þar sem hann mótaðist af fólki sem flutti frá Skotlandi til Kanada. Stílnir skera sig frá hvor öðrum hvað varðar rytma, val á lögum, skreytingar og bogataekni. Erfitt var að ferðast á milli staða á 17. og 18. öld og því einkenndist tónlist hvers landsvæðis af því fólki sem þar bjó; danshefðum þess og hljóðfærakunnáttu auk einhverra utanaðkomandi áhrifa. Þó að nútíminn hafi auðveldað okkur marga hluti, eins og ferðamáta og aðgang að upplýsingum og kennsluefni, þá er enn þann dag í dag haldið fast í einkenni þessara mismunandi stíla svo þeir renni ekki saman í eitt.² Hér að neðan verður farið nánar í einkenni, sögu og helstu fiðlara hvers stíls fyrir sig.

¹ Neil, *The Scots Fiddle*, 2.

² Haigh, „Regional fiddle styles in Scotland“.

Stíll Norðaustursins

Norðausturstíllinn geislar af elegans, enda er hann undir áhrifum klassískrar tónlistar. Þarna bjó fólk sem hafði tónlistarmenntun, eins og til að mynda James Scott Skinner (1843-1927). Hann var áberandi fær fiðlari, enda er hans minnst sem fiðlara annars vegar og fiðluleikara hins vegar. Samkvæmt Chris Haigh, fiðlara búsettum í London, á þessi stíll sér hvað lengsta sögu aftur í tímann og var einnig mikill áhrifavaldur fyrir aðra fiðlustíla.³ Norðausturstíllinn er nokkurs konar meginstraumsstíll Skotlands, eins og maður myndi segja á ágætri íslensku. Klassísku áhrifin má greinilega sjá í þessum stíl því þarlendir fiðlarar lögðu meiri áherslu á góða tónmyndun, það er að framkalla ríkari og safaríkari tón. Víbrató var líka notað meira en tíðkaðist annars staðar í þjóðlagatónlist og bogginn var notaður af meiri kúnt. Tóntegundir voru einnig fleiri og flóknari. Víkið var frá því að spila einungis í fyrstu stillingu, en það krefst meiri æfingar á fiðluna þar sem spila þarf með vinstri hendina á mismunandi stöðum upp eftir fingrabrettinu í stað þess að hún sé sífellt í sömu stöðu neðst á fingrabrettinu. Augljós áhrif frá klassískum fiðlueinleik eru hér á ferð.

Þessi stíll er sérstaklega þekktur fyrir ákveðna tegund laga sem kallast *strathspey*. Það er ekki til neitt íslenskt orð yfir þessa tegund af lagi en það á rætur sínar að rekja til Strathspey sem er víður dalur í Hálöndum Skotlands þar sem áin Spey liggur í gegn. Maður að nafni William Marshall er þekktur fyrir þessa tegund af lagi og það er að sjálfsögðu spilað undir dansi eins og flest þeirra laga sem nefnd verða hér á eftir (sjá töflu í kafla 2). Annar fiðlari sem vert er að nefna í sambandi við Norðausturstíllinn er Niel Gow (1727-1807), einn frægasti fiðlari allra tíma í Skotlandi og ómissandi á böllum í Edinborg hans tíma.

Landamærin

Fiðluhefð landamæranna er ein af lítt þekktari hefðunum sem þekkjast í Skotlandi. Umrætt svæði er í suðausturhorni landsins, þar sem Skotland mætir Northumbria í Englandi. Helstu einkenni fiðlutónlistarinnar eru áhrif frá hornpípum á Norður-Englandi. Hornpípan var hljóðfæri sem líktist flautu úr horni, sem var vatns- og vindheld svo hægt væri að taka hana með á sjóinn. Fiðlarar við landamærin notuðu tvígríp óspart og spiluðu jafnan tveir saman svo annar fiðlarinn gæti alfarið séð um undirspil byggt á hljómunum.⁴ Þekktur fiðlari frá

³ Haigh, „Regional fiddle styles in Scotland“.

⁴ Ibid.

Þessu landsvæði er Tom Hughes sem lærði tónlist af föður sínum og afa sem báðir voru sjálflærðir músikantar.

Vesturströndin og Hálöndin

Sá fiðlustíll sem skapaðist á Vesturströnd Skotlands og í Hálöndunum á ekki mikla samleið með hinum stílnum. Helsta ástæða þess er einangrun frá öðrum landsvæðum. Erfitt var að ferðast upp á hálendið, sem og niður af því, og þar var einnig töluð sérstök mállýska sem heitir gelíska (Gaelic). Þetta voru þó alls ekki einu ástæður þess að tónlistin átti erfitt uppdráttar. Eftir siðaskiptin sem áttu sér stað á 16.öld var hálendið undir miklu eftirliti kirkjunnar. Kirkjunnar mönnum þótti dans, tónlist og drykkja syndsamlegt athæfi og gengu svo langt að brjóta og brenna fiðlur.⁵ Mikil auðæfi lágu í samfélagi kirkjunnar, biskupar lifðu eins og kóngar og glæsilegustu byggingar Skotlands voru kirkjur. Á seinni hluta 17.aldar átti sér stað sú hörmung að íbúar Hálendisins voru hreinlega bornir út af heimilum sínum. Þessi atburður þekkist undir nafninu „the Highland Clearances“ og olli miklu mannfalli, en sum hús voru brennd ásamt heimilisfólki. Rýma átti landið til þess að hefja hjarðmennsku líka þeirri sem stunduð var á láglandinu. Þetta hafði í för með sér að íbúar Hálendisins flúðu land og settust að í Kanada þar sem Cape Breton fiðlustíllinn þróaðist. Hálendingar höfðu einnig barist við Englendinga, tapað og misst yfir þúsund menn. Í kjölfarið voru um þúsund Hálendingar í viðbót eltir uppi og drepnir.⁶ Það liggur í augum uppi að erfitt hefur verið fyrir íbúa Háländanna að móta menningu sína við aðstæður sem þessar. Einhver sönglög eru til um þessar hremmingar en lítið er vitað um hlutverk fiðlunnar á hálendinu.

Sekkjarípan var bönnuð á svipuðum tíma og fyrrnefndir atburðir áttu sér stað, á seinni hluta 18.aldar. Það varð víst til þess að fólk sem áður spilaði á sekkjarípu tók fiðluna sér í hönd. En hvað tekur reyndur sekkjarípuleikari, en óreyndur fiðlari, sér til bragðs? Hann reynir að líkja eftir sekkjarípunni á fiðluna! Einkenni þess koma til dæmis fram í formi þess að spila dróna (liggjandi bassatóna) á fiðluna, en það gefur meiri fyllingu. Sekkjaríputónlistin sker sig úr hvað varðar notkun forslaga, stundum eru hátt í sjö forslög á undan slagi. Það er ákveðnar nótur sem sekkjarípan getur ekki spilað, til dæmis stór sjöund, og þá tíðkast að spila þær “vitlaust” til þess að líkja eftir hljómi pípunnar. Chris Haigh, fyrrnefndur fiðlari í Lundúnum, lýsir þessu á eftirfarandi hátt:

⁵ Haigh, „Regional fiddle styles in Scotland“.

⁶ Wallenfeldt, „Highland Clearances“.

The bagpipe cannot play a G# note. When playing a tune in the key of A, some players will deliberately play the G note neither sharp nor flat but “blunt”, that is to say somewhere in between the two. This gives an effect very much like what a bagpipe would come out with - either exquisite or agonising depending on your point of view.⁷

Til gamans má geta að sekkjarípan var notuð í stríði til þess að marsera eftir. Þessi marsering er fyrirmynd skoska dansins *jig* og undirspilið er því spilað taktfast í líkingu við sekkjarípu sé spilað á önnur hljóðfæri, eins og til dæmis fiðlu.

Vinsælustu tegundir dansa og laga í stíl Vesturstrandarinnar og Hálandanna eru *jig* og *march* (sjá töflu í kafla 2). *Jig* er spilað mjög taktfast, með áherslu á fyrsta slag af þremur í takti. Svokallaður pípumars með tvö slög í takti, eða *pipe march*, er besta dæmið um einkenni tónlistarinnar frá þessu landsvæði. Einnig koma þaðan hæg og falleg lög sem kallast *air*, sem byggja mjög líklega á gömlum gelískum söngvum og ekki ætluð til þess að dansa við. Skraut á borð við trillur eru áberandi sem og hraðar tríólur, *birls*, sem framkvæmdar eru með því að nota agnarlítinn part af boganum og hljóma svolítið eins og skrap eða hökt.⁸ Hálöndin eiga sér einn þjóðþekktan fiðlara að nafni Angus Grant en hann var sjálflærður músíkant eins og flestir aðrir þaðan.

Cape Breton

Fiðlustíllinn í Cape Breton, suðausturhluta Kanada, mótaðist með fólkinu sem flyktist þangað frá Skotlandi á 18.öld í Hálandarýmingunni. Skosku innflytjendurnir gáfu stílnum að sjálfsögðu ákveðið yfirbragð og það er ótrúlegt hvað vel hefur haldist í gömlu hefðirnar til dagsins í dag.

Fiðlarar frá Cape Breton nota bogann á einfaldan en mjög ákveðinn hátt. Bogastrokin eru frekar blátt áfram, eitt bogastrok á hverja nótu, nema einstaka sinnum eru tvær nótur bundnar saman til þess að ná fram einhverri tilbreytingu. Niðurstrokin eru frekar þung til þess að hægt sé svo að létta á boganum og skjóta honum til baka í uppstrokinu, pínulítið eins og að skjóta úr teygjubyssu. Þetta kallar á mikla leikni í mismunandi bogahraða og bogapunga. Nákvæmur hrynur skiptir gríðarlegu máli fyrir fiðlara frá Cape Breton og mikil áhersla er lögð á fyrsta slag í takti. Þeir nota skraut eins og fiðlararnir frá Hálöndunum, hraðar tríólur sem líkjast hökti; *birls*. Í Kanada kallast þessi tegund skrauts *cuts*, sennilega vegna þess að það hljómar eins og verið sé að klippa á nótuna. Síðasta

⁷ Haigh, „Regional fiddle styles in Scotland“.

⁸ Ibid.

nótan af þremur er lengst. Forslög þekkjast einnig í Cape Breton stílnum, ein eða tvær nótur að lengd eftir tilfellum. Það minnir stundum á skreytingar í frönsku barokki, en farið verður nánar í tengingu við barokkið síðar. Einnig eru lausir strengir notaðir sem drónn og víbrató notað af og til í þeim tilgangi að skreyta.⁹

Hjaltlandseyjar

Hjaltlandseyjar eru eyjaklasi í norðri og þar gegnir fiðlan lykilhlutverki í þjóðlagatónlistinni. Haft er eftir Duke Ellington: „there are only two types of music which possess swing; one is jazz, the other Scottish music“.¹⁰ Ætli hann hafi verið að hlusta á þjóðlagatónlist frá Hjaltlandseyjum?

Fiðlarar frá Hjaltlandseyjum þróuðu spilamennsku sína út frá áhrifum frá Skandinavíu, Ameríku, Írlandi og klassískt menntaða fiðlaranum James Scott Skinner frá Norðaustur-Skotlandi, svo fáein dæmi séu nefnd. Tónlistin er mjög lifandi og hjartnæm og var og er mikilvægur partur af lífi nánast allra sem búa á Hjaltlandseyjum. Um aldamótin 1900 átti sirka tíundi hver maður fiðlu sem hann spilaði á, en hljóðfærin voru ódýrari á þessum tíma en þau eru í dag. Frægur fiðlari og áhrifavaldur frá Hjaltlandseyjum er Tom Anderson (1910-1991) sem lagði sig allan fram við að skrá niður upplýsingar um fiðlutónlist frá Hjaltlandseyjum á meðan hann lifði.

Klassísku áhrifin frá James Scott Skinner má heyra þegar fiðlarar frá Hjaltlandseyjum spila hægán *air* og waltz, en þá nota þeir ríkulegan tón og mikið víbrató. Áhrif frá Ameríku heyrast þegar þeir renna sér upp á nótur og spila tvígrip. Fram að byrjun 19.aldar var notast við sérstakt hljóðfæri sem smíðað var á Hjaltlandseyjum og fannst hvergi annars staðar. Það var fiðla sem nefndist *gue* og var með tvo strengi úr hrossahárum. Spilað var á það upprétt eins og selló þó svo það hafi verið lítið í sniðum. Það líkist öðrum afbrigðum af fiðlum frá Englandi, Íslandi, Noregi og Grænlandi.¹¹

Vinsælasti dansinn sem spilast á fiðlu á Hjaltlandseyjum er rællinn, *reel* (sjá töflu í kafla 2). Rælar eru yfirleitt spilaðir ansi hratt, en þeir eru þó spilaðir broti hægár á Hjaltlandseyjum en annars staðar á Skotlandi. Til gamans má geta að fiðlarar frá Cape Breton hafa gaman að því að spila ræla eins hratt og mögulegt er. Rælana skreyttu fiðlarnir á Hjaltlandseyjum með svokölluðu *shivers* og drónum með því að spila opna

⁹ Dunlay, *Traditional Celtic Fiddle Music of Cape Breton*, 3-7.

¹⁰ Haigh, „Regional fiddle styles in Scotland“.

¹¹ Ibid.

strengi. Erfitt er að finna greinargóða lýsingu á skrautinu *shivers*¹², en líklegast er að það svipi til fyrirnefndra skreytinga í Cape Breton og Hálöndum Skotlands, *cuts* og *birls*, sem eru mjög hraðar tríólur spilaðar með örstuttum bogastrokum.

¹² Dunlay, *Traditional Celtic Fiddle Music of Cape Breton*, 3-7.

2. Fiðlan í Skotlandi frá 12.öld fram á 18.öld.

„Forfeðurnir“

Strengjahljóðfæri af ýmsum toga sem spilað var á með boga, og líktust að einhverju leyti fiðlunni eins og við þekkjum hana í dag, fundust í Skotlandi alveg frá því um 1100. Myndir af bogahljóðfærum finnast meira að segja í Evrópskum útskurðum og myndum frá því 900 fyrir Krist.¹³ Það er hins vegar aðeins út fyrir efni hér, en engu að síður mjög áhugavert að forvitnast um. Heimildir finnast um þrjú hljóðfæri frá því á öndverðri 12.öld í tveimur ljóðum. Hið fyrra er eftir Thomas the Rhymer. Þar nefnir hann annars vegar *fedyl* og hins vegar *rybid*. Þetta munu vera fiðlan (*fiddle*) og hljóðfæri sem gengur undir nafninu *rebec* í dag. Ljóðið er fallett og hljóðar svo:

*Harp and fedyl both he fandē,
The getern and the sawtry
Lut and rybid ther gon gan,
Thair was al maner of mynstralsy.*¹⁴

Á *fydel* og *rebec* var spilað með boga, á hin fjögur sem nefnd eru í ljóðinu var plokkað á með fingrum eða sérstöku áhaldi í líkingu við gítarnögl. *Rebec* var perulaga hljóðfæri og lag þess líktist að mörgu leyti mandólín. Um þriðja hljóðfærið finnast heimildir í ljóði eftir Dr Farmer um Orfeo og Euridice. Það nefnist *croud* og er talið líklegt að sé upprunalega frá Skotlandi. *Croud* er sama hljóðfæri og nefnt var í kaflanum hér að ofan um fiðlustílinn á Hjaltlandseyjum; *gue*. Það var kassalaga og líktist litlu boxi. *Fydel* og *rebec* bárust að öllum líkindum til Bretlands úr austri með krossförum snemma á 12.öld. Ekki er vitað með vissu hvenær þau bárust svo þaðan til Skotlands. Því miður hefur engin tónlist varðveist í Skotlandi fyrir ofangreind hljóðfæri. Annað á þó við um hljóðfærin sem komu til sögunnar nokkrum öldum síðar.

Á 15. og 16.öld voru fiðlurnar (*fiddles*) að öllum líkindum orðnar að fjögurra strengja hljóðfæri eins og við þekkjum í dag, en einfaldari í sniði. Annað hljóðfæri sem vert er að nefna í þessu samhengi er *viol*. En hún er sögð vera fundin upp í Frakklandi á 16.öld og fyrrnefnt ljóðskáld, Dr Farmer, spáir því að hljóðfærið hafi borist til Skotlands með konunginum James V eftir að hann giftist dóttur Frakklandskonungs í París árið 1537.¹⁵ Þetta hljóðfæri kom í nokkrum stærðum og þótti mjög virðulegt. Þekktasta stærðin mun vera *viola da gamba* sem líkist nútímaselló.

¹³ Joshel, „The history of the fiddle“.

¹⁴ Collinson, *Bagpipe, Fiddle and Harp*.

¹⁵ Ibid.

Fiðlan á 18.öld

Fiðlan sem notuð er í skoskri þjóðlagatónlist í dag er sú sama og notuð er til að spila klassík, hægt er að kalla hana hljómsveitarfiðlu, og var fullkomnuð í höndum fiðlusmiða á borð við Antonio Stradivari á 17.öld. Hin eiginlega fiðla var fullmótuð um 1680 og er nú notuð við flutning allrar tónlistar sem samin er fyrir fiðlur. Um svipað leyti, eða jafnvel nokkru fyrr, barst hún til Skotlands.¹⁶ Fiðluhefðin átti erfitt uppdráttar vegna mótmæla kirkjunnar gegn dansi og tónlist eins og nefnt var í kafla 1. Efnisskrá fiðlara á 17.öld samanstóð aðallega af dönsunum jig og reel, og rólegum lögum að nafninu air. Rælarnir spiluðust með litlum boga en það var vegna þess að boginn sem fylgdi *rebec* var styttri en sá sem fylgir ítölsku fiðlu 17.aldarinnar. Flest lög sem spiluð voru á fiðlu voru stutt, en lengri verk voru frekar flutt á hörpu eða sekkjapípur.¹⁷ Eftir aldamótin 1700, með tilkomu nýju fiðlunnar, urðu til fleiri tegundir af dönsum til að spila undir á fiðlu.¹⁸ Hér á eftir fylgir tafla með helstu danstegundum sem fyrirfinnast í Skotlandi og hafa verið útsettar fyrir fiðlu.

Dans/Lag	Takttegund	Stutt lýsing
<i>Air</i>	3/4	Falleg melódísk lög á hægum hraða, ekki ætluð til að dansa við. Segja oft sögu. Eiga rætur að rekja til Frakklands, leika má fram og til baka með
<i>Hornpipe</i>	2/4 eða 4/4	Vinsæll enskur dans nefndur eftir hornpípunni. Punkteraður rytmi. Spilast hægar en <i>reel</i> .
<i>Jig</i>	6/8 eða 9/8	Nokkuð hraður enskur dans. Til eru fjórar tegundir af <i>jig</i> , t.d. <i>single jig</i> (6/8), <i>double jig</i> (6/8) og <i>slip jig</i> (9/8), <i>straight jig</i> .
<i>March</i>	2/4	Taktföst tegund af tónlist sem hentar til marseringar. Nokkrar týpur: funeral, slow, quick og double quick.
<i>Pastoral</i>	3/4	Róleg tegund af <i>air</i> , fallett lag til að hlusta á, ekki dans.
<i>Polka</i>	2/4	Hraður dans sem kemur t.d. frá Tékklandi eða Póllandi. Fyrir danspar. Dansinn einkennist af hoppi.
<i>Reel</i>	2/4 eða 4/4	Lifandi dans á meðalhraða, fluttur af tveimur eða fleiri danspörum. Tónlistin endurtekur sífellt sama munstur (4 eða 8 takta).
<i>Schottische</i>	2/2	Lag sem líkist <i>strathspey</i> , en það er flutt hraðar og í annarri takttegund.
<i>Strathspey</i>	4/4	Skoskur dans með margskonar punkteruðum rytma. Til eru tvær týpur: hæg <i>strathspey</i> og <i>strathspey</i> fyrir dans.
<i>Waltz</i>	3/4	Dans fyrir par, á meðalhraða. Áhersla á fyrsta slag hvers takts.

¹⁶ Johnson, *Sottish Fiddle Music*, 3.

¹⁷ *Ibid.*, 4.

¹⁸ *Ibid.*

Það kann að koma mörgum á óvart að bestu fiðlarar Skotlands á 18.öld voru einnig mjög færir fiðluleikarar og spiluðu evrópska tónlist (frá meginlandi Evrópu) jafnt sem skoska þjóðlagatónlist. Skotland lumaði því á mjög fjölhæfu tónlistarfólki. Dæmi um einn slíkan er William McGibbon (1690-1756) sem samdi ógurlegan fjölda skoskra laga en var jafnframt einn fremsti konsertfiðluleikari Edinborgar. Til eru einhverjar heimildir um það að jafnvel Niel Gow (1727-1807), hinn þjóðþekkti fiðlari, hafi spilað tónlist eftir Corelli sér til gamans heima við. Það þótti því ekki mjög flott í þá daga að vera einungis ómenntaður fiðlari, en í dag þykir það mörgum heillandi að vissu leyti.¹⁹ Þetta bendir til þess að munurinn á skoskri fiðluhefð og klassískri fiðluhefð sé mögulega meiri í dag en hann var á 18.öld.

Nú liggur beint við að velta fyrir sér fiðlutækni á þessum tíma, í ljósi þess að fiðlarar voru líka að spila klassík. David Johnson skrifar í bók sinni um skoska fiðlutónlist á 18.öld að fiðlarar hafi haldið á boganum þó nokkrum sentimetrum fyrir ofan froskinn (neðsta part bogans), spilað án höku- og axlarpúða, notað sem mest af lausum strengjum og fyrstu stillingu, aðeins notað víbrató á fáeinar nótur til að skreyta og einblínt á nákvæman og ákveðinn rytma í stað þess að framkalla ríkan sólóistíska tón með hljóðfærinu.²⁰ Þetta kemur allt heim og saman við þá staðreynd að fiðlan var fyrst og fremst notuð sem undirspil undir dansi. Þó virðast áhrif fiðluhefðarinnar á meginlandi Evrópu hafa læðst inn bakdyramegin á nokkrum landsvæðum Skotlands og þá sérstaklega á Norðaustur-Skotlandi og að sjálfsgöðu í Edinborg.

¹⁹ Johnson, *Scottish Fiddle Music*, 5.

²⁰ *Ibid.*, 6.

3. Nánar um fiðluhefð Hjaltlandseyja

Það er áhugavert að skoða fiðluhefðina á Hjaltlandseyjum nánar. Eins og áður hefur komið fram spilaði þar sirka tíundi hver maður á fiðlu um aldamótin 1900. Það er hreint ótrúlegt! Fiðlan á sér stérstakan stað í hjörtum eyjabúa, svo mikið er víst.

Fiðlan í tengslum við félagslíf

Peter Cooke skrifaði ítarlega bók um fiðluhefð á Hjaltlandseyjum og talar þar um hvernig tónlistin gekk manna á milli á munnlegan hátt og sama lag því breytilegt eftir hverjum og einum spilara. Hver fiðlari kom sér upp ákveðinni leið til þess að spila þjóðlögin, Peter Cooke skrifar þetta í bók sinni:

„...the fiddler learns the tune, and its form becomes set through habit so that the basic features of any fiddler’s version will not vary much whatever the context of the performance. Each player, however, is aware of the differences between his version and those of others and during the many informal evenings of music-making there is a good deal of interest shown in each others’ versions...“.²¹

Á samkomum sem þessum voru fiðlarar hvattir til þess að spila sóló og hverjum einasta þeirra lof gefið fyrir sína túlkun. Þegar spilað var saman í hóp spilaði hver með sínu höfði, en lítið var gert í því að reyna að fá alla til þess að spila eins. Mikilvægt var að hlusta til þess að búa til góðan samhljóm en hver og einn hljóðfæraleikari hélt sínum karakter. Þessi fallega fjölbreytni er að sjálfsögðu að breytast ört í dag með prentaðri tónlist, því miður.

Fiðlan gildir jú grundvallarhlutverki í tónlist Hjaltlandseyja, og tónlistin gildir grundvallarhlutverki í félagslífi íbúanna. Sú staðreynd á við um fyrri aldir sem og nútímann. Það sem lifir af þjóðlagatónlist Hjaltlandseyja er aðallega tónlist fyrir fiðlu sem skiptist í lög fyrir brúðkaup (wedding tunes), lög samin undir áhrifum kynjavera og álfa (trowie tunes) og ræla (reels). Á 17. og 18.öld var hefð fyrir því að halda sem flesta félagslega viðburði yfir vetrartímann til þess að stytta sér stundir á löngum og dimmum nóttum. Sumrin voru hins vegar tími útiveru, veiðiferða til Grænlands og búskapar.

Fiðlutónlistin á Hjaltlandseyjum snerist fyrst og fremst um það að hægt væri að dansa við hana. Reglulega voru haldnar samkomur þar sem spilað var fyrir dansi og tilgangur þeirra enginn annar en að hitta annað fólk og hafa gaman saman. Brúðkaup voru

²¹ Cooke, *The Fiddle Tradition of the Shetland Isles*, 51.

aðallega haldin á vetrartíma og þá var slegið til veglegrar veislu. Öllu samfélagi tiltekinnar eyju var boðið og fagnað var í yfir tvo heila sólarhringa með dansi, mat og drykk. Í dag eru svona brúðkaup ennþá haldin á eyjunum Whalsay og Out Skerries.²² Til eru sérstök fiðlulög fyrir brúðkaupin, *wedding tunes* sem voru nefnd hér að ofan, en fiðlarar eru til dagsins í dag ómissandi skemmtikraftar á þeim vettvangi. Þeir áttu bæði að spila af og til í athöfninni sjálfri og að spila undir dansi eftir hana.²³ Um brúðkaupin á 19.öld segir að fiðlarinn hafi fylgt brúðgumanum og föruneiti hans að heimili brúðarinnar. Á leiðinni spilaði fiðlarinn létt danslög en þegar komið var að húsi brúðarinnar lék hann þekkt ástarlag.²⁴ Á Hjaltlandseyjum skapaðist einnig hefði fyrir því snemma á 17.öld að fiðlarar spiluðu ákveðin lög á nýárs morgun, en það tíðkast ekki lengur. Þessi ákveðnu lög lærði fólk eftir munnlegri geymd, en hópar af mönnum gengu milli húsa á eyjunum syngjandi lögin. Venjan að syngja á milli húsa er enn sterk í dag á eyjunni Whalsay²⁵ sem heldur enn í gamlar brúðkaupshefðir.

Aðeins um utanaðkomandi áhrif

Nokkur dæmi eru til um augljós áhrif frá Skandinavíu, en Hjaltlandseyjar liggja norðarlega og eru nær Skandinavíu en restin af Skotlandi. Langt fram á lok 18.aldar var dansaður nokkurs konar hringdans á Hjaltlandseyjum sem svipar til hringdansins sem enn er dansaður í Færeyjum í dag. Undirspilið við þennan hringdans voru lög sem nefndust *visecks*. Þau eru gleymd í dag og rællinn sívinsæli, sem er spilaður hægar á Hjaltlandseyjum en annars staðar í Skotlandi, er sagður hafa tekið við af þeim. Margir af rælunum eru byggðir á lögum frá meginlandi Skotlands, Englandi og Írlandi, en Hjaltlandseyjar hafa sett sinn brag á þá svo líkindin eru nánast horfin. Í Noregi skapaðist hefð fyrir því að mæta á samkomu með grímu fyrir andliti, hún kallast *guizing*, sem vísar til þess að mæta í dulargervi (disguised). Þessi hefði fyrirfinnst í dag á hrekkjavöku og jólum sumsstaðar á Hjaltlandseyjum.²⁶

Scordatura

Stundum sá fiðlari fyrir dansundirspili einn og óstuddur. Það hefur verið erfitt að láta eina litla fiðlu óma yfir fullan sal af dansandi fólki. Þá varð að finna leiðir til þess að fiðlan

²² Swing, *Fiddle Teaching in Shetland Isles Schools*, 181

²³ Cooke, *The Fiddle Tradition of the Shetland Isles*, 81.

²⁴ *Ibid.*, 82.

²⁵ *Ibid.*, 89.

²⁶ Swing, *Fiddle Teaching in Shetland Isles Schools*, 181

annars vegar hljómaði meir og hins vegar gæti leikið laglínu og hljómagang samtímis. Væri fiðlan að spila með fjölmennu bandi gat fiðlarinn fengið krampa í hendina af því að rembast við að láta heyra í sér í gegnum allan hamaganginn. Því var snjallráð að spila sem mest af lögum í A og D-dúr sem eru bjartar tóntegundir og hljóma glaðlega. Það gaf einnig færi á því að nota lausa strengi mikið, sem gefur af sér meiri óm en þegar fingurnir dempa strengina. Staðreyndin er líka sú að það var alls ekki alltaf verið að flytja tónlistina í stórum rýmum þar sem hátt var til lofts og hljómmikið. Heimahúsin voru á fyrri öldum helsti vettvangur fyrir samkomur þar sem dansað var og sungið við þjóðlagatónlist. Þess þá heldur var enn mikilvægara að kunna öll trixin í bókinni sem gátu auðveldað fiðlurum að spila fram á rauða nótt án þess að þreytast um of.

Önnur lausn í þessum málum, sem varðar það þegar fiðlan spilar ein og óstudd fyrir dansi, er sú að stilla strengina á annan hátt en venja var á. Venjuleg stilling fyrir fjögurra strengja fiðlu, talið frá dýpsta streng til þess efsta, er svona: g-d-a-e. Fimmund er milli allra strengjanna. *Scordatura* þýðir vanstilling á ítölsku. Á 18.öld tíðkaðist að „vanstillta“ fiðluna á þrjá vegu. Í fyrsta lagi var neðsti strengurinn hækkaður um heiltón, frá G til A, svo að stillingin varð: a-d-a-e, og hentaði einkum til þess að spila lög í D-dúr. Í öðru lagi var næstdýpsti strengurinn einnig hækkaður um heiltón, frá D til E, svo að út kom þessi stilling: a-e-a-e, en þessa stillingu var vinsælast að nota á Hjaltlandseyjum. Í þriðja lagi var efsti strengurinn lækkaður um litla þríund, frá E niður á Cís, og þá varð stilling fiðlunnar svona: a-e-a-cís.²⁷ Þessar seinni tvær stillingarnar voru einungis notaðar til að spila tónlist í A-dúr.²⁸ Með þessu móti gat fiðlarinn alltaf strokið lausan streng með laglínunni til þess að búa til undirspil á einfaldan hátt. Til þess að auðvelda lestur á tónlist sem notast við *scordatura* er hún skrifuð eins og fiðlan sé stillt á venjulegan hátt, en í byrjun lags er sýnt hvaða tegund *scordatura* skuli nota.²⁹ Fiðlarinn stillir þá hljóðfærið sitt á þann hátt sem tiltekinn er á nótnablaðinu og spilar svo lagið eins og ekkert hafi í skorist. Nóturnar á blaðinu hljóma því flestar öðruvísi en þær líta út, ýmist heiltóni ofar eða lítilli þríund neðar eftir því á hvað streng er spilað. A-strengurinn var hins vegar aldrei „vanstilltur“ svo nótur sem spilaðar eru á hann hljóma eins og þær eru skrifaðar. En hvaðan komu hugmyndir um *scordatura*?

²⁷ Johnson, *Sottish Fiddle Music*, 106.

²⁸ *Ibid.*, 107.

²⁹ *Ibid.*, 106.



Aðferðin gæti verið undir áhrifum frá tónlistinni í sjálfu Skotlandi og Englandi á síðari hluta 17.aldar, en þá tíðkaðist víst að stilla strengjahljóðfæri eins og gítar, lútu og fyrrnefnt hljóðfæri *viol*, á ýmsa vegu. Ástæðan fyrir þessari endurstillingu hljóðfæra var tæknilegs eðlis³⁰ og eiginlega komin til vegna sama vandamáls og fiðlararnir stóðu uppi fyrir á 18.öld, að finna leið til þess að einfalda hljóðfæraleikurum að spila hljóma í ákveðnum tóntegundum. Annar vinkill á þessu er upplifun fiðlarans þegar hann spilar á fiðluna sína. Þegar fiðla er stillt á nýjan hátt breytist hljómur hennar og á vissan hátt er fiðlarinn kominn með annars konar hljóðfæri í hendurnar. Þegar G-strengur fiðlunnar er hækkaður um heiltón upp á A, á hann til að óma með nánast hverri einustu nótu sem spiluð er fyrir ofan hann. Þetta veitir mikla ánægju, þá ekki síst sjálfum fiðlaranum sem leikur á hljóðfærið. Það virðist því líklegt að *Scordatura*-aðferðin hafi orðið vinsæl vegna þess að fiðlarar höfðu einfaldlega unun af því að leika sér með nýjan hljómblá á fiðluna sína. Líkt og að eignast nýtt hljóðfæri án þess að eyða krónu.

³⁰ Johnson, *Sottish Fiddle Music*, 107.

Lokaorð

Greinilegt er að tilgangur skoskrar fiðlutónlistar er hreinlega skemmtun. Ástæða til þess að koma fólki saman á dimmum vetrarkvöldum til þess að gleðjast, syngja saman, spila og dansa. Ástæða til þess að fagna brúðkaupi og öðrum hátíðum. Það er einnig ljóst að dansinn var það listform sem hrinti þessu öllu af stað, en ekki verður dansað án undirspils. Fiðluhefðin varð umfangsmeiri eftir því sem eftirspurn eftir dansundirspili jókst. Vinsælustu dansar Skotlands eru *jig*, *reel*, *strathspey* og *march*.

Helstu stílar fiðlutónlistar í Skotlandi eru fimm talsins og eiga mjög margt sameiginlegt. Sumir þeirra voru meira undir áhrifum frá meginlandi Evrópu og reyndu við flóknari fiðlutækni; stillingaskiptingar, meira víbrató og öðruvísi boganotkun (meira notað af lengd bogans). En annars er nokkurn veginn hægt að segja um alla þessa fiðlustíla að þeir settu dansinn í fyrsta sæti og túlkun í annað sæti. Takturinn var mikilvægastur til þess að dansinn gengi vel fyrir sig og áherslur notaðar óspart. Bogahendi hvíldi frekar ofarlega á bogastönginni, en bogastrok voru yfirleitt stutt. Tónmyndun var ekki ýkja mikilvæg og víbrató var aðeins notað í einstaka tilfellum til þess að fegra nótur sem þóttu mikilvægari en aðrar. Laglínur voru yfirleitt einfaldar og kölluðu því á getu fiðlarans til þess að skreyta þær af leikni. Skreytingahefð er örlítið breytileg eftir landsvæðum. Þetta minnir mjög á barokkið, en þar segja nóturnar aðeins hálfu söguna og frelsi flytjandans er gríðarlegt.

Þau strengjahljóðfæri sem notuð voru á Skotlandi á 12. og 13. öld kallast *rebec*, *fydel* og *gue*. *Gue* var tveggja strengja fiðla sem var notuð á Hjaltlandseyjum og er sennilega upprunnin í Skotlandi. Önnur hljóðfæri bárust til Skotlands annars staðar frá, sennilega úr austri. Á 15. og 16. öld eignuðust Skotar strengjahljóðfæri frá Frakklandi sem líkjast þeim hljóðfærum sem notuð voru við barokkleik. Nútímafiðlan eins og við þekkjum hana var svo fullkomnuð á Ítalíu og Skotar nutu góðs af henni líka. Í dag spila fiðlarar á ósköp venjulega fiðlu, þá sömu og notuð er við klassískan leik. Helsti munurinn er líklegast upphald og tegund strengja, en sumir fiðlarar vilja nota girnistrengi. En vegna lítillar áherslu á tónmyndun í skoskri fiðluhefð verður að teljast líklegt að fiðlarar sætti sig við hljóðfæri í ódýrari kantinum.

Á Hjaltlandseyjum tíðkaðist að stilla fiðlurnar á mismunandi vegu til þess að einfalda fiðlurum að spila dansundispil óstuddir. Sú aðferð nefnist *scordatura* og var snjallræði mikið um leið og breyttur hljómbærinn vakti ánægju fiðlarans. Við nánari athugun á fiðluhefð Hjaltlandseyja má með sannni segja að íbúar eyjaklasans hafi lifað fyrir dansinn og tónlistina af öllu hjarta yfir síðustu 4 aldir eða svo. Fiðlan var partur af nærri

öllu félagslegu sem átti sér stað á eyjunum, hvort sem það var brúðkaup, rölt á milli húsa eða dansleikur. Þessi þrá eftir félagsskap, dans og tónlist er eitt það athyglisverðasta úr þessari ritgerð. Sömu þrána eða neistann mátti glöggst sjá þegar fólkið á hálendinu þurfti að berjast fyrir því að fá að spila tónlist. Þegar sekkjapípan var bönnuð tók það upp fiðluna. Þegar heimili þeirra voru brennd flúðu þau yfir hafið en fluttu tónlistarhefðina sína með sér. Það er bæði aðdáunarvert og fallett.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Collinson, Francis. *Bagpipe, Fiddle and Harp*. Stirlingshire: Lang Syne Publishers, 1983.

Cooke, Peter. *The Fiddle Tradition of Shetland Isle*. Cambridge: Cambridge University Press, 1986.

Dunlay, Kate. *Traditional Celtic Fiddle Music of Cape Breton*. Nova Scotia: K. E. Dunlay, 1986.

Johnson, David. *Scottish Fiddle Music in the Eighteenth Century: A Music Collection and Historical Study*. 3. útg. Edinburgh: Mercat Press, 2005.

Neil, J. Murray. *The Scots Fiddle: Tunes, Tales and Traditions of the Lothians Borders and Ayrshire*. Glasgow: Neil Wilson Publishing, 2001.

Swing, Pamela Sherman. *Fiddle Teaching in Shetland Isles Schools, 1973-1985*. (Doktorsritgerð, The University of Texas at Austin, 1991).

Vefheimildir:

Gibson, Ronnie. *Gow the Gael: An Alternative History of Scottish Fiddle Music* (blogg).
<https://scottishfiddlemusic.com/2013/08/20/gow-the-gael-an-alternative-history-of-scottish-fiddle-music/>

Gibson, Ronnie. *The 'Invention' of a Scottish Fiddle Tradition* (blogg).
<https://scottishfiddlemusic.com/2014/01/17/the-invention-of-a-scottish-fiddle-tradition-c-1850/>

Gibson, Ronnie. *The Scottish Fiddle Tradition(s)* (blogg).
<https://scottishfiddlemusic.com/2014/06/04/the-scottish-fiddle-traditions/>

Joshel. *The history of the Fiddle*, (blogg). <http://fiddlemusic.blogspot.com/2006/07/history-of-fiddle.html>

Scottish Fiddle. „2. Regional Fiddle Styles in Scotland, Fiddling Around the World“ Sótt 8. maí 2019.
<http://www.fiddlingaround.co.uk/scotland/Regional%20fiddle%20styles%20in%20Scotland.html>

Springthyme Records. „Tom Hughes and his Border Fiddle“. Sótt 8. Maí 2019.
<http://www.springthyme.co.uk/1005/05tom.htm>

Wallenfeldt, Jeff. *Highland Clearances*, *Encyclopædia Britannica*, 6. febrúar 2015,
<https://www.britannica.com/topic/Highland-Clearances>